

Alþingi
Erindi nr. P 132/203
komudagur 28.11.2005

Umhverfisnefnd Alþingis
nefndarritari Hlín Lilja Sigfúsdóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2005
2005110011/42-1
SB/rsb


Umsögn um frumvarp til laga um upplýsingarétt

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 15. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál.

Stofnunin gerði athugasemdir við drög þessa frumvarps með bréfi til umhverfisráðuneytisins dags. 02. mars 2005 (sjá hjálagt). Þar fagnaði stofnunin frumvarpinu, en taldi rétt að setja inn í það undanþáguákvæði vegna náttúruverndarsjónarmiða, þ.e. ákvæði í 6. grein um að réttur til upplýsinga nái ekki til nákvæmra upplýsinga um fundarstaði og heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana.

Við vinnslu frumvarpsins var hinsvegar farin sú leið að setja sambærilegt ákvæði sem nýjan tölulið inn í 6. gr upplýsingalaga nr. 50/1996. Náttúrufræðistofnun telur rétt að skýra þennan lið betur með því að vísa líka til fágætra jarðminja. Töluliðurinn gæti orðast svo: "umhverfismál, enda geti birting þeirra haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varða, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana."

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Umhverfissráðuneytið
Ingibjörg Halldórsdóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. mars 2005
2005020011/42-1
SB/ph

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um upplýsingarétt um umhverfismál

Visað er til bréfs ráðuneytisins dags. 9. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að frumvarpi til laga um upplýsingarétt um umhverfismál, en fyrirhugað er að leggja fram frumvarp um þetta efni á yfirstandandi þingi.

Náttúrufræðistofnun hefur þá stefnu að veita almenningi og öðrum hagsmunaaðilum aðgang að gagnasöfnum og þekkingu stofnunarinnar á sem skilvirkastan hátt. Fyrir atbeina umhverfissráðuneytisins fékk stofnunin styrk úr upplýsingasamfélaginu á þessu ári til að opna svokallaða Plöntuvefsjá sem veitir aðgang að gagnagrunnum um flóru landsins. Á næstu árum er stefnt að því að opna hliðstæðar vefsjár um fugla, smádýr og sjávardýr fáist til þess nægilegt fjármagn. Á þessu ári verður jafnframt opnuð stórlega endurbætt heimasíða stofnunarinnar í nýju vefumsjónarkerfi sem auðveldar beina upplýsingagjöf til almennings og annarra sem á þurfa að halda. Auk fyrrgreinds hefur Náttúrufræðistofnun notað rafrænt skjalastjórnunarkerfi síðan árið 2001 til að halda utan um skjalasafn stofnunarinnar. Rafræn skjalasöfn eru mikilvægt tæki til þekkingarstjórnunar og upplýsingamiðlunar.

Náttúrufræðistofnun fagnar því þessum frumvarpsdrögum og telur að vel hafi til tekist um samningu þeirra, en þau byggjast í aðalatriðum á ESB tilskipun 2003/4/EB. Stofnunin gerir þó eina veigamikla athugasemd.

Í 6. gr. er í þremur tölusettum liðum taldar upp undantekningarnar, þ.e. hvenær EKKI er skylt að veita almenningi upplýsingar skv. 5. gr.

- Í fyrsta lagi gögn sem eru undanþegin skv. 4.gr. í núgildandi upplýsingalaga, m.a. upplýsingar sem varða einkahagsmuni og almannahagsmuna, einnig samkeppnismál.
- Í öðru lagi ef mál eða efni er í vinnslu og ófullgert, en þá verður að upplýsa hvenær vinnslu muni ljúka.
- Í þriðja lagi upplýsingar sem sérstök ákvæði laga um þagnarskyldu banna að upplýsa óviðkomandi um. Sérstaklega er tiltekin málsmeðferð vegna „viðkvæmra framleiðslu- og viðskiptahagsmuna“ þ.e. samkeppnismála ýmiss konar og í greinargerð nefnt að ekki er heimilt að veita upplýsingar um einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga skv. upplýsingalögum og er vísað til slíkrar verndar persónuhaga í EB tilskipuninni.



Hinsvegjar er hvergi í 6. grein minnst á viðkvæmar upplýsingar sem varða náttúruvernd svo sem fundarstaði sjaldgæfra lífvera, bergs og steinda. Í tilskipuninni sjálfri er á aðeins einum stað fjallað um náttúruvernd, það er í 4. gr. um takmarkanir á rétti almennings til upplýsinga. Þar segir: að ekki sé skylt að veita upplýsingar „ef birting (upplýsinganna) gæti haft alvarleg áhrif á: h) vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varðar, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera“.

Þessa undantekningu frá rétti almennings til upplýsinga á umhverfissviði verður skv. frumvarpinu ekki að finna í þessum lögum, heldur á skv. 17. gr. frumvarpsins að stinga henni inn í upptalningu í 6. grein upplýsingalaganna. Þar komi nýr undanþáguliður: 5. liður „þar sem tekið verði af skarið um að réttur almennings taki ekki til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál ef birting þeirra getur haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varðar, t.d. heimkynni fágætra tegunda lífvera“.(grg.)

Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt og eðlilegt að hafa þessa undanþágu inni í 6. gr. frumvarpsins eins og undanþágur vegna þagnarskyldu, vinnsluferlis, persónuverndar og samkeppnissjónarmiða. Stofnunin leggur því eindregið til að við 6. gr. frv. bætist 4. tl. svohljóðandi:

4. upplýsingar, sem varða náttúruvernd, enda geti birting þeirra haft alvarleg áhrif á vernd þess hluta umhverfisins sem slíkar upplýsingar varðar, t.d. heimkynni og fundarstaði friðlýstra eða fágætra tegunda lífvera, steinda, steingervinga og bergmyndana.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

